


VEIÐIMÁLASTOFNUNIN



Sigurður Már Einarsson

og

Sigurður Guðjónsson

Árangur seiðasleppinga ofan Fossá í Gljúfurá

Reykjavík
júni 1983

VEIÐIMÁLASTOFNUN

EINTAK BÓKASAFNS

Sigurður Már Einarsson

Sigurður Guðjónsson

júní 1983

Árangur seiðasleppinga ofan fossa í Gljúfurá.

Inngangur.

Gljúfurá er dragá sem rennur í Hópið. Áin er 28 km löng og er vatnasvið hennar um 107 km^2 . Meðalrennsli er um $0,7 \text{ m}^3/\text{s}$.

Áin er aðeins fiskgeng að hluta, en ofan fossa eru svæði sem virðast vera góðir uppeldisstaðir fyrir laxaseiði, þar sem bæði botngerð og straumlag er víða ákjósanlegt. Um 4000 sumaröldum seiðum var sleppt í ána árlega á árunum 1979-1981. Veiðimálastofnunin athugaði árangur þessara sleppinga 27. ágúst 1981 og svo aftur 7. september 1982, en þá var einnig athugað ástand náttúrulegra seiða í fiskgenga hluta árinna.

Aðferðir.

Rafveitt var á 2 stöðum í ánni. Á sleppistað var veitt bæði skiptin og svo einnig skammt neðan við veiðihús í seinna skiptið. Með rafveiðum fæst hugmynd um tegundasamsetningu þéttleika og vöxt seiða. Allur aflí var lengdarmældur og hluti aflans tekinn til aldursgreiningar.



Niðurstöður og umræður.

Neðan fossa fundust auk laxaseiða, hornsíli, bleikja og urriði. Ofan fossa fannst einnig urriði. Þar sem ekki vannst tími til að fara þrjár veiðifyfirferðir er ekki unnt að meta þéttleika með nægilegri vissu. Þéttleiki náttúrulegra seiða á fiskgenga hluta árinna virðist þó vera meiri en þéttleiki sleppiseiða á svæði því er sleppt var á. Þéttleiki sleppiseiðanna virtist einnig vera minni en gert var ráð fyrir og sé miðað við þann fjölda er dreift var á hverja flarareiningu. Því virðist sem mikil afföll hafi orðið á sleppiseiðunum. Vöxtur laxaseiðanna (mynd 1 og 2) er hins vegar mjög góður á báðum stöðum sé miðað við þennan landshluta. Náttúruleg seiði

ná langflest göngustærð þriggja ára en sá hluti árgangsins sem ekki nær þeirri stærð þriggja ára gengur til sjávar ári seinna. Sleppiseiðin ná hins vegar göngustærð ári fyrr en náttúrulegu seiðin, þar sem þau hafa forskot í stærð vegna fóðrunar í eldisstöð fyrir sleppingu. Minni samkeppni um fæðu og staði vegna fæð seiða á sleppistað gæti einnig orsakað örari vöxt.

Það vekur athygli að á fiskgenga hluta árinna veiddust engin vorgömul seiði. Ekki er gott að segja hvort þessi seiðaárgangur sé lítill í ánni almennt eða einungis á þessu svæði. Þó bendir þetta fremur til að árangur þessi sé lítill. Ástæðan gæti verið lítil hrygning eða þá mikil afföll hroga eða seiða. Því þyrfti að kanna ástand laxastofnsins í ánni betur sem fyrst. Sé litið á niðurstöður þessarar athugana almennt þá er ljóst að vöxtur laxaseiða er góður í ánni en hugsanleg afföll sleppi-seiðanna og fæð seiða í ákveðnum árgöngum krefst frekari rannsókna.

Mynd 1



°Vöxtur áætlaður út frá lestri hreisturs.

Mynd 2

Lengdardreifing náttúrulegra seiða
veiddum neðan við foss á mótis við
veiðihús, 1982

